



Reykjavík, 10. maí 2017

Niðurstaða athugunar á framkvæmd áhættustýringar og störfum stjórnar Valitor hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á starfsemi Valitor hf. með bréfi dagsettu hinn 4. ágúst 2016. Athugunin beindist að framkvæmd áhættustýringar skv. 17. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.) og hvernig stjórn sinnir hlutverki sínu þar að lútandi, sbr. 54. gr. a laganna. Einnig beindist athugunin að tilteknum atriðum er varða störf stjórnar Valitor skv. 54.gr. fftl.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í apríl 2017 og er byggð á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athugunin hófst.

Það var niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að framkvæmd og skipulag áhættustýringar Valitor hf. sé í samræmi við þær meginkröfur sem gerðar eru í 17.gr. fftl. Þá var það einnig niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að stjórn Valitors hf. sinni hlutverki sínu hvað áhættustýringu varðar og öðrum störfum, sem til skoðunar voru, í meginatriðum í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í 54. og 54. gr. a fftl.